

Samgönguráðuneytið
Samgöngu- og fjarskiptamál
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
postur@srn.is



Reykjavík 26. febrúar 2021

Umsögn um Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð

Í samráðsgátt stjórnvalda birtust 12. febrúar 2021, drög frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Um er að ræða drög að frumvarpi þar sem lögð eru fram ný heildstæð lög um rekstur og uppbyggingu flugvalla og flugleiðsöguþjónustu sem veitt er af hálfu íslenska ríkisins. Lögumum er ætlað að koma í stað óskýrra og dreifðra lagaákvæða sem nú eru í gildi. Stjórnvöld benda á að skort hafi í lögum skýr ákvæði um verkefni samgönguyfirvalda á þessu sviði og þeim markmiðum sem stýra eiga för við framkvæmd þeirra. Drögin að frumvarpinu fara yfir gildissvið, markmið og verkefni. Í framhaldinu er farið yfir útfærslu og framkvæmd þeirra verkefna.

Meginmarkmið boðaðra laga er að flugvellir landsins og við flugumferð þjóni þörfum samfélagsins með skilvirkni, hagkvæmni og öryggi í fyrirrúmi í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum, eins og hún birtist m.a. í flugstefnu og samgönguáætlun. Hinum nýju lögum er svo ætlað að fella brott úrelt lög og lagaákvæði á þessu sviði sem verða óþörf þegar hin nýju lög taka gild. Bent er á að um töluverða einföldun regluverks og jafnframt draga fram verkefni stjórnvalda á þessu sviði með mun skýrari hætti en í gildandi lögum.

Drög að frumvarpinu hafa verið yfirfarin á vettvangi Samtaka ferðaþjónustunnar – SAF og vilja samtökin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Alþjóðleg samkeppnishæfni og varaflugvellir

Samtökin vilja byrja á því að benda á að ferðaþjónustan, þá sérstaklega flugið, er í alþjóðlegri samkeppni. Stjórnvöld verða því ávallt að forðast að setja sér-íslenskar reglur eða sér-íslenskar skilgreiningar sem ganga ekki í takt við alþjóðlegt regluverk.

Sérstaklega þegar sér-íslenskar reglur geta mögulega leitt til aukins kostnaðar sem tíðkast ekki í öðrum löndum. Samtökunum er t.d. ekki kunnugt um að varaflugvallapjónusta sé sérstaklega skilgreind eða til innan ICAO reglna eða leiðbeininga. Samtökin vilja vara við því að afmarka þjónustu flugvalla sem samræmist ekki því sem gerist í alþjóðlegu samhengi. Með það í huga þá er ekki alveg ljóst í b. lið 3. gr. hvað sé átt við með heilstæðri flugvallapjónustu fyrir millilandaflug.

Stjórnvöld verða að gæta þess að notendur eins flugvallar verði ekki settir í þá stöðu að greiða niður flugvallapjónustu fyrir aðra flugvelli, eins og t.d. varaflugvallarpjónustu. Ferðapjónustan starfar í alþjóðlegri samkeppni og því mun aukinn kostnaður leggjast á flugrekendur með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni landsins. Samtökin vilja benda á að í frumvarpinu verður að forðast að lögfesta það að skilgreindir alþjóðaflugvelli verði notaðir til að greiða niður rekstrarkostnað annarra flugvalla. Allur auka kostnaður fyrir notendur alþjóðaflugvalla kemur niður á neytendum og ferðapjónustunni allri. Notendagjöld alþjóðaflugvalla eiga eingöngu að vera til að greiða fyrir þann rekstur sem þar á sér stað, ekki til að greiða fyrir rekstur og not varaflugvalla.

Að mati samtakanna munu öflugir varaflugvelli hér á landi auka öryggi í flugi og efla samkeppnishæfni landsins. Rétt eins og útskot fyrir flutningabíla eru hluti af vegakerfi landsmanna og rekstri þess, eiga varaflugvelli, rekstur og viðhald þeirra að vera á forræði hins opinbera og stuðla þannig að öruggu og samkeppnishæfu aðgengi að landinu.

Almenningssamgöngur

Samtökin telja sjálfsagt að almenningssamgöngur verði tengdar við flugvelli eins og lagt er til í c. lið 3. gr. Frumvarpið virðist þó ekki svara því hvernig flugvallakerfið eigi að vera virkur hluti öruggra og hagkvæmra samgangna innanlands og tengjast öðrum almenningssamgöngum á landi. Samtökin vilja benda á mikilvægi þess að samkeppni um samgöngupjónustu við flugfarþega fái að njóta sín án aðkomu ríkis eða sveitarfélaga og að rekstraraðilum almenningssamgangna verði samhliða boðið að setja upp sleppistöðvar fyrir sitt leiðarkerfi við flugvelli á eigin kostnað.

Sjálfbærni og loftslagsmál

Samtökin benda á að í drögum að frumvarpinu er hvergi minnst á að sjálfbærni eða markmið í loftslagsmálum skuli höfð að leiðarljósi við rekstur flugvalla. Að mati samtakanna er það grundvallaratriði við rekstur samgöngumannvirkja s.s. flugvalla að þau séu byggð og rekin með sjálfbærni í huga og að rekstrarfyrirkomulag taki mið af þeim markmiðum og samþykktum sem í gildi eru á sviði loftslagsmála á hverjum tíma. Samtökin leggja til að í markmið fyrirliðgjandi draga feli í sér sjálfbærni í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

Í d. lið 3. gr. er bent á að fylgja eigi stefnumörkun stjórnvalda í samgöngumálum eins og hún birtist í flugstefnu og samgönguáætlun á hverjum tíma. Í drögunum er þó ekki farið í það í hverju þetta felst.

Samtökin áskilja sér rétt til að kom með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri